

## REGLUR

### um Byggðarannsóknasjóð.

#### 1. gr.

##### *Tilgangur.*

Starfræktur skal sérstakur rannsóknarsjóður, Byggðarannsóknasjóður. Tilgangur sjóðsins er að efla byggðarannsóknir og bæta þannig þekkingargrunn fyrir stefnumótun og aðgerðir í byggðamálum.

#### 2. gr.

##### *Stjórn og skipulag.*

Ráðherra byggðamála skipar stjórn Byggðarannsóknasjóðs og skal skipunartími falla að gildistíma byggðaáætlunar. Skipa skal þrjá aðalmenn þar af einn formann og þrjá til vara. Stjórn sjóðsins skiptir með sér verkum og setur sér starfsreglur. Í þeim skal meðal annars tilgreina hvernig staðið er að mati umsókna um styrki.

Byggðastofnun auglýsir eftir umsóknum um styrki, annast samskipti við umsækjendur, móttöku umsókna og aðra nauðsynlega umsýslu, eftir því sem við á hverju sinni. Starfsreglur sjóðsins og rafrænt umsóknareyðublað skulu vera aðgengileg á heimasíðu Byggðastofnunar.

#### 3. gr.

##### *Fjármunir og greiðsluáætlun.*

Sjóðurinn er fjármagnaður af fjárlagalið byggðaáætlunar og með framlagi frá Byggðastofnun. Stefnt skal að því að árlegt framlag til hans nemi 10 m.kr., þar af leggi Byggðastofnun til 3 m.kr. Til sjóðsins leggjast enn fremur önnur framlög eftir því sem tilefni gefst til. Kostnaður vegna starfsemi sjóðsins er greiddur úr sjóðnum og ákveður ráðherra þóknun stjórnar.

Stjórn sjóðsins semur greiðsluáætlun fyrir sjóðinn ár hvert þar sem gerð er grein fyrir kostnaði við umsýslu hans, fjölda styrkja og upphæð þeirra. Áætlunina skal senda samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu fyrir 1. febrúar ár hvert.

#### 4. gr.

##### *Styrkveitingar.*

Styrkir Byggðarannsóknasjóðs eru veittir einu sinni á ári og skal úthlutun fara fram á ársfundi Byggðastofnunar en styrkir greiðast út eftir framvindu verkefna. Stjórn sjóðsins ákveður fjöldu styrkja og skal við það miðað að þeir séu ekki færri en þrír og ekki fleiri en fimm hvert sinn. Stjórn sjóðsins skal gæta þess að skuldbindingar sjóðsins fari ekki fram úr fjráheimildum hans.

#### 5. gr.

##### *Auglýsing um styrkveitingar.*

Fyrir 1. nóvember ár hvert skal stjórn Byggðarannsóknasjóðs auglýsa þá styrki sem sjóðurinn veitir árið eftir. Heimilt er stjórn sjóðsins að ákveða í auglýsingu að veittir verði styrkir til tiltekinna eða afmarkaðra viðfangsefna.

Í auglýsingu skal greina þær kröfur sem gerðar eru til umsókna og fyrir hvaða tíma þær skuli berast sjóðnum. Jafnframt skal í starfsreglum stjórnar Byggðarannsóknasjóðs kveðið nánar á um efni auglýsingar.

#### 6. gr.

##### *Skyldur styrkþega.*

Styrkþegar skulu gera grein fyrir framvindu verkefna og ráðstöfun fjár samkvæmt nánari reglum stjórnar sjóðsins. Verði misbrestur á eða önnur skilyrði stjórnar fyrir styrkveitingu eru ekki uppfyllt er heimilt að stöðva greiðslur og/eða fara fram á endurgreiðslu styrksins. Sé styrks ekki vitjað innan árs frá dagsetningu tilkynningar um styrk fellur hann niður.

Nr. 188

31. janúar 2018

Rannsóknir og niðurstöður þeirra sem hlutið hafa styrk samkvæmt reglum þessum skulu birtar almenningi samkvæmt nánari fyrirmælum stjórnar sjóðsins.

7. gr.

*Reikningar og endurskoðun.*

Reikningsár Byggðarannsóknasjóðs er almanaksárið. Byggðastofnun ber ábyrgð á reiknings-haldi og skal reikningum sjóðsins haldið aðskildum í bókhaldi stofnunarinnar.

8. gr.

*Gildistaka o.fl.*

Reglur þessar koma í stað eldri reglna um Byggðarannsóknasjóð, nr. 950/2014, og taka þegar gildi.

*Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 31. janúar 2018.*

**Sigurður Ingi Jóhannsson.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

---

B-deild – Útgáfud.: 20. febrúar 2018